

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar vegna Lækjar, Hafnarlandi.

Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 4. maí 2026 breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 25. mars 2026.

Í breytingunni felst að skilgreint er nýtt 15 ha verslunar- og þjónustusvæði VB21, þar sem heimiluð er föst búseta. Gert er ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, 13 gistihúsum fyrir allt að 60 gesti og þremur þjónustubyggingum, en heildarbyggingarmagn er allt að 2.130 m². Jafnframt er gert ráð fyrir nýju vatnsbóli VB61. Samhliða minnkar frístundabyggð F22 úr 40 ha í 25 ha og lóðum fækkar úr 40 í 25.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 4. maí 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 19. maí 2026